

Fundur í íþróttá- og tómstundanefnd haldinn í á skrifstofu Langanesbyggðar 10. júlí 2012
kl.12:00

Mættir: Vilborg Stefánsdóttir, Eggert Stefánsson, Kristín Heimisdóttir, Sólveig Sveinbjörnsdóttir. Vilborg ritaði fundargerð.

- **Kátir dagar**

Umræður um aldurstakmark á auglýstum dansleik í Þórsveri 21.júlí 2012.

Auglýst er unglíngaball fyrir 13-18 ára og svo dansleikur með 16 ára aldurstakmark. Harmar nefndin þá ákvörðun Káttra daga nefndarinnar þar sem það brýtur í bága við það aldurstakmark sem sett var á samskonar dansleik á síðasta ári.

Á síðastliðnum misserum hefur mikið forvarnarstarf verið unnið í Langanesbyggð með fræðslu, fyrirlesturum, námskeiðum og öðru. Er þetta allt liður í að vinna að bættu samfélagi sem tryggir öryggi barna okkar. Því finnst okkur þessi ákvörðun Káttra daga nefndarinnar stinga í stúf við það.

Hvetjum við þau eindregið til að endurskoða ákvörðun sína um aldurstakmark á dansleiknum í þá veru að það verði sett í 18 ár.

- **Reglur varðandi útleigu samkomuhúsnæðis á vegum Langanesbyggðar.**

Nefndin ítrekar ósk sína um að reglur varðandi útleigu samkomuhúsnæðis verði gerðar í samstarfi nefndarinnar, vímuvarnarráðs og skrifstofu sveitarfélagsins. Nefndin fundaði um þetta mál 27. mars sl. og óskaði eftir þessu starfi og sveitarstjórn samþykkti á fundi hjá sér 12. apríl sl.

Sú vinna hefur enn ekki verið hafin en þykir okkur brýn nauðsyn á.

Fundi slitið kl. 12.45

Sólveig Sveinbjörnsdóttir
Kristín Heimisdóttir
Eggert Stefánsson
Vilborg Stefánsdóttir.